

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Þórunni Sveinbjarnardóttur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

1. *Hver verður hlutdeild Íslands í markmiði Evrópusambandsins um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030?*

Viðræður standa yfir við Evrópusambandið um hlut Íslands í sameiginlegu markmiði ESB, Íslands og Noregs um 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030. Hver hlutdeild Íslands í markmiði Evrópusambandsins um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 liggur því ekki fyrir.

2. *Hversu mikið verður Ísland að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 ef hlutdeild Íslands verður 35% samdráttur í losun miðað við 2005?*

Samdráttur um 35% miðað við árið 2005 myndi þýða að losun á beinni ábyrgð Íslands árið 2030 ætti ekki að vera meiri en 2.021 þúsund tonn CO₂-íg.

3. *Hversu mikið verður Ísland að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 ef hlutdeild Íslands verður 40% samdráttur í losun miðað við 2005?*

Samdráttur um 40% miðað við árið 2005 myndi þýða að losun á beinni ábyrgð Íslands árið 2030 ætti ekki að vera meiri en 1.866 þúsund tonn CO₂-íg.

4. *Hversu mikið verður Ísland að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 ef hlutdeild Íslands verður 55% samdráttur í losun miðað við 2005?*

Samdráttur um 55% miðað við árið 2005 myndi þýða að losun á beinni ábyrgð Íslands árið 2030 ætti ekki að vera meiri en 1.399 þúsund tonn CO₂-íg.

5. *Hver yrði samdráttur Íslands í losun gróðurhúsalofttegunda, í tonnum talið, miðað við 35%, 40% eða 45% minni losun árið 2030 miðað við losun árið 2005?*

35% minni losun árið 2030 miðað við losun árið 2005 þýðir að losun 2030 þyrfti að vera 1.088 þúsundum tonna CO₂-íg. minni en hún var árið 2005.

40% minni losun árið 2030 miðað við losun árið 2005 þýðir að losun 2030 þyrfti að vera 1.244 þúsundum tonna CO₂-íg. minni en hún var árið 2005.

45% minni losun árið 2030 miðað við losun árið 2005 þýðir að losun 2030 þyrfti að vera 1.399 þúsundum tonna CO₂-íg. minni en hún var árið 2005.

55% minni losun árið 2030 miðað við losun árið 2005 þýðir að losun 2030 þarf að vera 1.710 þúsundum tonna CO₂-íg. minni en hún var árið 2005.

Í svörum við 2.–5. tölul. er gert ráð fyrir að losunin sem verið er að vitna í hér sé losun á beinni ábyrgð Íslands („Effort Sharing“, eða losun samkvæmt gildissviði reglugerðar (ESB) 2018/842). Eftirfarandi forsendur eru notaðar við útreikninga:

- Viðmið fyrir losun á beinni ábyrgð Íslands árið 2005 er eins og var skjalfest í ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 29/2022, og nemur það viðmið 3.109 þúsundum tonna CO₂-íg.
- Losun á beinni ábyrgð Íslands árið 2021 er byggð á tölulegum upplýsingum eins og þeim hefur verið skilað af Umhverfisstofnun til ESB og til loftslagssamningsins í mars/apríl 2023.